



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Um tilgangsleysi allra hluta

- Gagnrýni Friedrich Nietzsche á bölsýna tómhyggju -

Ritgerð til BA. prófs

Finnur Guðmundarson Olguson

Maí 2010

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Sagnfræði- og heimspekideild

Um tilgangsleysi allra hluta

Gagnrýni Friedrich Nietzsche á bölsýna tómhyggju

Ritgerð til BA. prófs
Finnur Guðmundarson Olguson
kt. 230985-2949

Leiðbeinandi: Sigríður Þorgeirsdóttir

Maí 2010

Útdráttur

Með röksemdafærslum sínum hafa tómhyggjusinnar leitast við að afnema algildan sannleika í siðferðis- og trúmálum og með því skapað tómarúm sem getur leitt til dökktrar sýnar á heiminn, siðferðislegs afstæðis og höfnunar á lífi. Markmið þessarar ritgerðar er að kanna hvort þær forsendur sem tómhyggjusinnar gefa sér leiði nauðsynlega til þessa ástands eða hvort önnur fýsilegri leið sé fær án þess að forsendurnar séu sviknar. Til að sýna hverjar þessar forsendur eru verða rit Friedrich Nietzsche höfð til hliðsjónar ásamt því að tekið verður mið af gagnrýni hans á tómhyggjuna. Ennfremur verður leitað í smiðju rithöfundarins Fjodor Dostojevskí til að bregða upp skýrari mynd af bölsýnni tómhyggju, en einnig litið til skrifa gríska skáldsins Nikos Kazantzakis til að leiða í ljós mótsvör jákvæðari afstöðu. Þessar hugleiðingar fela í sér vísbendingu um að til þess að brjóta bölsýna tómhyggju á bak aftur verði að taka skref út fyrir hið almenna, setta sig við dýrslegt eðli mannsins og hætta að líta á mannlega skynsemi sem hið æðsta ákvörðunarvald.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	6
1. Þekkingarfræðileg tómhyggja.....	8
1.1. Sannleikurinn gerður að vandamáli.....	8
1.2. Algildi.....	10
1.3. Sjónarhornshyggja - mótsvar Nietzsche.....	11
2. Siðferðisleg og tilvistarleg tómhyggja.....	13
2.1. Meinlætahugsjónin.....	13
2.2. Siðferði í skugga dauða Guðs.....	16
2.3. Tilvistarleg tómhyggja.....	17
3. Viðbrögð við hugmyndum tómhyggjunnar.....	20
3.1. Kýrillov.....	20
3.2. Endurskoðun gilda.....	25
3.3. Zorba.....	27
3.4. Endurskoðun hugarfars.....	29
Lokaorð.....	34
Heimildaskrá.....	36

Inngangur

Saga mannkyns er mörkuð glímunni við spurningar af margvíslegum toga. Sumar þessara spurninga eru þess eðlis að svör við þeim geta haft ráðandi áhrif á hvernig við lifum lífinu en oftar en ekki eru það einmitt slíkar spurningar sem erfiðast er að veita fullnægjandi svar við. Hvað sem því líður virðist mannum eðlislægt að halda áfram að rannsaka, skoða og kryfja í þeirri von að með því takist honum að nálgast sannleikann um leyndarmál tilveru sinnar.

Þar sem þekkingarleitinn hefur endað í blindgötu hefur bilið gjarnan verið brúað með trú og þá jafnvel vísun í handanheim; heim handan mannlegs skilnings. Með vaxandi vægi vísindanna hafa trúarbrögð hinsvegar átt í vök að verjast. Ýmsar hugmyndir um guðdóminn og guðdómlegt siðferði hafa verið á undanhaldi í hinum vestræna heimi síðustu tvö hundruð ár eða svo. Þessi þróun er ekki síst knúin af byltingarkenndum hugmyndum hinna ýmsu heimspekinga sem ekki aðeins hafa gagnrýnt trúarbrögð heldur enn fremur þá djúpstæðu sannfæringu mannsins að tilvera hans þjóni æðri tilgangi. Þegar Guð hefur verið tekinn niður af stalli sínum og siðferðislegar venjur véfengdar er þó ekki að undra að skapist gapandi tóm sem manneskjunnar reynist erfitt að fylla.

Tómhyggja, eða níhílismi, var stefna sem kom fram á 19. öld og hverfðist í kringum þetta tóm, þetta merkingarleysi tilverunnar, sem tómhyggjusinnar héldu jafnframt fram að ekkert væri fært um að fylla. Afstaða tómhyggjusinna er gríðarlega áhugaverð þar sem hugmyndir þeirra skekja stoðir nánast alls þess sem vanalega er gengið að vísu að sé nauðsynlegt andlegu lífi mannsins. Skilaboð þeirra eru skýr: „Mannskepnan hefur lifað í blekkingu. Guð er ekki til. Siðferði er ekki raunverulegt. Algildur sannleikur er tálsýn. Þar af leiðandi er allt leyfilegt, allt stjórnlaust, allt réttlaust.“

Þetta vægast sagt róttæka viðhorf verður tekið til nánari skoðunar í þessari ritgerð. Stóra spurningin er þessi: Ef við lifum í guðlausum heimi sem er sviptur algildum sannleika og um leið algildu siðferði, er þá engin leið að komast hjá hinu bölsýna viðhorfi tómhyggjunnar? Ef við samþykkjum grunnforsendur tómhyggjunnar, neyðumst við um leið til að samþykkja hina óþægilegu niðurstöðu? Til að varpa frekara ljósi á viðfangsefnið mun ég skoða og greina þær forsendur og röksemdir sem liggja að baki viðhorfi níhílismans. Í því skyni mun ég hefja leikinn á því að skoða hinar mismunandi birtingarmyndir tómhyggjunnar, fyrst af öllu þekkingarfræðilega tómhyggju, en hún leggur grunn að siðferðislegri og tilvistarlegri tómhyggju sem verða

teknar til skoðunar í kjölfarið. Til hliðsjónar hef ég grunnhugmyndir tómhyggjunnar eins og þær koma fram í ritum Friedrich Nietzsche en mun ekki síður taka mið af flugbeittri gagnrýni hans á þær bölsýnu ályktanir sem hafa oftast en ekki verið dregnar af þeim. Þessi gagnrýni, fléttuð saman við hina þrískiptu yfirferð á tómhyggjunni, veitir efni í fyrstu tvo kafla ritgerðarinnar.

Til að sýna á skýrari máta hvar skilur milli sýnar hinnar bölsýnu tómhyggju annars vegar og sýnar Nietzsche hins vegar, mun ég leita stuðnings tveggja af meisturum bókmenntasögunnar: Fjodor Dostojevskí og Nikos Kazantzakis. Með greiningu á tilteknum sögupersónum þeirra getum við leitt í ljós á áþreifanlegri hátt einkenni hvorrar afstöðunnar fyrir sig og að endingu reynt að svara þeirri spurningu sem liggur ritgerðinni til grundvallar.

Spurningin er ekki léttvæg og mikið veltur á svarinu fyrir alla þá sem hafa nokkurn tíma verið haldnir heimspekilegri örvæntingu yfir tilgangsleysi allra hluta. Að endingu snertir hún sjálfa tilvist mannsins, ekki út frá hástemmdum vangaveltum innan fræðasamfélagsins heldur bergmálar hún í hinni raunverulegu angist hvers og eins sem hefur nokkurn tíma spurt sig hver tilgangur lífs hans sé og heyrt hljóðlega hvíslað úr tóminu: „Enginn. Ekki nokkur.“

1. Þekkingarfræðileg tómhyggja

1. 1. Sannleikurinn gerður að vandamáli

Það er óhætt að fullyrða að manneskjan hafi nokkuð ríka þörf fyrir að útvíkka þekkingu sína á umhverfi sínu. Mannkynið hefur ekki aðeins tekið stór stökk í þekkingarleit sinni með aðstoð vísindalegrar aðferðar heldur hefur það í sífellu leitað skýringa utan eigin vébanda á þeim stóru spurningum sem virðast ætíð brenna á mannskepnunni og mætti kalla frumspekilegar. Í stuttu máli sagt hefur mannkynið öllu til kostað til að bæta við þekkingarbanka sinn og með því talið sig vera á fullri ferð í átt að sannleikanum. Heimspekingar hafa ekki síst haldið því fram að með framgöngu heimspekinnar sé stefnan tekin á sannleikann og ekkert annað, þar með ljúkist augu mannkyns upp smátt og smátt, það varpi af sér dýrslegri fáfræði sinni og gægist bakvið leiktjöld raunveruleikans. Hvað yrði um þessa óstjórnlegu þekkingarleit ef sjálft markmiðið væri dregið í efa? Hvað ef sannleikurinn, sem gnæfir yfir flestum okkar gjörðum, fræðilegum sem hversdagslegum, væri tekinn niður af stalli sínum?

Að gera sannleikann að vandamáli er að skoða hann vandlega, sem og þekkingarfræðilegt hlutverk hans gagnvart mannum og áhrif hans á siðferðislegt hátterni okkar. Að véfengja það að hægt sé að finna algjöran sannleika er að véfengja stoðir margs af því sem okkur finnst órjúfanlegur þáttur af mannlegu lífi. Það er í það minnsta skoðun þeirra sem aðhyllast lífssýn tómhyggjunnar. Að þeirra mati stenst þekkingarfræðilegur grunnur sannleiksleitar okkar ekki nánari athugun og þekkingarleit okkar beinist ekki að neinu raunverulegu marki. Tómhyggjan gengur að þessari forsendu vísri í mati sínu á umheiminum og dregur af henni margvíslegar ályktanir sem vert er að skoða nánar.

Það er ef til vill varasamt að tala um tómhyggjuna eins og um væri að ræða hverja aðra stefnu innan heimspekinnar vegna höfnunar hennar sjálfar á almennri hugmyndafræði. Miklu frekar mætti lýsa tómhyggjunni sem samansafni hugmynda sem allar byggjast á þeirri tiltölulega einföldu forsendu að *algildan sannleika sé hvergi að finna*. Áhrif tómhyggjunnar má því finna á hvaða stigi hugsunar sem er, en þær birtingarmyndir hennar sem ég ætla að skoða í þessari ritgerð eru einkum þrjár: tómhyggja í þekkingarfræðilegum skilningi, siðferðislegum skilningi og tilvistarlegum skilningi. Það er þó ekki svo að skilja að þetta þrennt sé fullkomlega aðskilið; þvert á móti styður hvert við annað enda forsendan ætíð sú sama.

Í þekkingarfræðilegum skilningi felur afneitun gildis sannleikans í sér vantraust á að við getum yfirleitt aflað okkur hreinnar þekkingar vegna þess að *algjör sannleikur* er hugtak sem enginn fótur er fyrir. Reynist það rétt er hinu almenna viðhorfi gagnvart þekkingu, að eftir því sem við rökræðum og rannsökum heiminn frekar færumst við sífellt nær einhverju marki - sannleikanum - hleypt í uppnám. Þetta kemur ekki síst illa við heimspekina sem hefur gjarnan verið lýst sem „leitinni að sannleikanum“ af hinum hógværu riddurum hennar. Reyndar var Friedrich Nietzsche einn fárra hugsuða sem gerðu sér grein fyrir hversu sjálfsagður „sannleikurinn“ hafði verið álitinn. Hann skrifar í bók sinni *Sifjafræði siðferðisins* (e. *Zur Genealogie der Moral*):

„Horfum í þessu samhengi til bæði hinna elstu og hinna yngstu heimspeklinga: enginn þeirra gerir sér grein fyrir því hversu nauðsynleg réttlættingin á viljanum til sannleika er - hér er gjá í allri heimspeki - af hverju stafar hún? Af því að til þessa dags hefur meinlætahugsjónin gnæft yfir allri heimspeki, vegna þess að sannleikurinn hafði verið festur í sessi sem vera, Guð, sem hinn æðsti áfrýjunarréttur, vegna þess að sannleikanum var ekki leyft að vera vandamál. Skiljið þið þetta „leyft“? Um leið og trúnni á Guð meinlætahugsjónarinnar hefur verið afneitað kemur í ljós *ný spurning*: Spurningin um gildi sannleikans. Þennan vilja til sannleika þurfti að gagnrýna - látum þessi orð skilgreina okkar eigin verkefni - gildi sannleikans skal varlega *draga í efa*....“¹

Látum orð hans á sama hátt skilgreina útgangspunkt tómhyggjunnar; að sannleikurinn sé tekinn niður af stalli sínum og skoðaður út frá þeirri hugmynd að sá eftirsóknarverði og guðdómlegi blær sem hann hefur haft á sér sé eftir allt kominn frá mönnum. Það er tóm þar sem hinn siðmenntaði maður hefur talið sér trú um að dularfullur æðri tilgangur ráði ríkjum og þetta tóm er kjarni tómhyggjunnar. Frá hennar sjónarhóli er engin möguleg leið til að réttlæta neinn algjöran sannleik og þar með dregur hún í efa allt okkar gildismat, réttmæti skoðana og þekkingar, tilgang lífs okkar og sannleiksleit. Það er sannarlega stór biti að kyngja.

En hvers vegna halda tómhyggjusinnar því fram að sannleikurinn sé ekki raunverulegt markmið? Þeirri hugmynd liggur kannski helst til grundvallar fullvissa þeirra um að tilvist Guðs sé ekki raunveruleg. Þá guðshugmynd sem er áberandi í Gamla testamenti Biblíunnar, að Guð sé skapari alls lífs og almáttugur verkstjóri, var farið að véfengja æ víðar á 19. öld samfara því að vísindum fleygði fram og ýmsar gamlar kreddur voru afsannaðar. Trúleysi varð útbreiddara og er tómhyggjan einn angi

1 Nietzsche, Friedrich, *The Genealogy of Morals*, þýð. Horace B. Samuel, New York, Dover Publications, 2003, bls. 110-111. Allar þýðingar úr bókinni sem koma fram hér eru mínar.

margvíslegra viðbragða við þeirri afstöðu. Fyrir trúleysingjanum er guðdómurinn sem mælikvarði á rétt, rangt, gott og illt, líkt og hann er settur fram í Gamla testamentinu, ekkert annað en mannaþing.²

Um leið og sýn Gamla testamentisins á Guð er dregin í efa hlýtur allt hið kristna kerfi að verða berskjaldaðra fyrir árásum, þar með talið siðferðiskerfi hennar. Ákveðin endurskoðun hafði reyndar þegar átt sér stað innan hins kristna heims með siðaskiptum í anda Luthers og Calvins, en að mati tómhyggjusinnans er það ekki nóg; trúarbrögð standa engu síður fyrir almennt reglukerfi sem er réttlætt með vísun til einhvers sem er ekki raunverulegt og þar með óréttmætt. Fyrir tómhyggjusinnanum er guðshugmynd hinna margvíslegru trúarbragða lítið annað en tilraun manna til að koma sér upp mælikvarða á rétt og rangt, yfirleitt á boðandi hátt. Þennan mælikvarða er ekki hægt að réttlæta, samkvæmt honum. Að mínu mati er andstaða tómhyggjusinna við trúarbrögð því að endingu ekki byggð á andúð þeirra á manngerðum Guði, heldur því sem sú hugmynd stendur fyrir: Algildan mælikvarða.

1.2. Algildi

Hvaða tilgangi þjónar algildi? Í grunninn er algildi nokkurs konar andstæða afstæðis, en hugtakið er dýpra en svo; algildi er, að mínu mati, mikilvægt viðmið sem notast er við í öllum boðandi dómum. Augljós dæmi um þetta finnast í trúarbrögðum, til að mynda kristni. Megintilgangur kristindóms einsog hann birtist í Biblíunni er að setja hegðun fólks og framferði almennar reglur sem endurspeglast hvað gleggst í hinum frægu tíu boðorðum Móse en ekki minna í siðaboði Jesú sjálfs eins og frá því er sagt í Nýja testamentinu, sbr. „Gullnu regluna.“³ Þessar reglusetningar eru síðan einfaldlega kallaðar *kristið siðferði*.

Ég hef valið kristindóm sem táknaðan fyrir notkun algildis í boðandi dómum og fyrir því eru aðallega tvær ástæður. Í fyrsta lagi er það sennilega það boðandi kerfi sem hefur haft hvað mest áhrif á siðfræði Vesturlanda og stendur mér og flestum lesendum næst. Í öðru lagi byggist gagnrýni Nietzsche á boðandi siðferði að miklu leyti á andúð hans á kristnu siðferði, en það sjónarhorn hyggst ég kanna nánar síðar í ritgerðinni.

Á hvaða grunni hvílir kristið siðferði? Með öðrum orðum, hvernig eru rök færð fyrir réttmæti kennisetninga Biblíunnar? Guði kristninnar er í Gamla testamentinu lýst

2 Þetta er sannarlega sú skoðun sem Nietzsche heldur fram og við rýnum í síðar.

3 „Og eins og þér viljið að aðrir menn gjöri við yður, svo skuluð þér og þeim gjöra“ (Lúk. 6:31), *Biblían. Heilög ritning*, Reykjavík, Hið íslenska biblíufélag, 1981.

sem allsherjardómara sem vegur og metur gjörðir manna eftir því hversu vel þeim hefur tekist að halda sig innan ramma laganna, hins gefna siðferðis, svo að segja án rökfræðilegrar réttlætunar. Reglusetningar Nýja testamentisins eru hins vegar nær allar réttlættar með vísun í kerfi verðlauna sem teygir sig út fyrir hinn sýnilega heim og það jarðlíf sem okkur er úthlutað. Burtséð frá völdum kirkjunnar hverju sinni má sennilega rekja sigurgöngu kristinnar á Vesturlöndum að miklu leyti til þessa tvöfalda hvatakerfis og þeirrar staðreyndar að því er fundin rót í handanheimi, sem er í eðli sínu utan seilingar efnisins og mannlegrar skynsemi og því ekki mögulegt að véfengja á efnislegan hátt. Þannig er kerfinu gefinn ákveðinn endanleiki í þeim skilningi að reglur þess eru algildur mælikvarði á rétt og rangt, þeim er með öðrum orðum ekki hægt að breyta.⁴ Öll frávík eru merkt með hugtökum til aðgreiningar frá hinni sönnu siðlegu breytni: Synd, illt, rangt, óguðlegt o.s.frv., og algildishugsunin þannig treyst í sessi.

Ef kristið siðferði ætti sér ekki traustan, algildan mælikvarða að vísa til er nokkurn veginn hægt að slá því föstu að reglurnar hefðu aldrei öðlast gildi sitt sem skyldur. Þetta virðist augljóst, en athugum hvað þetta hefur í för með sér. Þetta þýðir að gildi kristins siðferðis felst alls ekki í því hversu góðar eða slæmar þessar reglur eru eða hafa reynst okkur, eða hversu vel upp á pallborðið jafnólíkir hlutir og náungakærleikur annars vegar og eldur og brennisteinn hins vegar eiga meðal manna; þvert á móti sækir það gildi sitt einvörðungu í algildi sitt; það stendur og fellur með því. Sé ekki hægt að miða boðandi reglur við neinn mælikvarða hafa þær einfaldlega ekkert gildi og þessi mælikvarði verður að vera algildur, annars verður hann afstæður og háður túlkun.

Með höfnun algilds mælikvarða hafa tómhyggjusinnar því kastað sér í djúpt efasemdarástand. Frá þeirra sjónarhóli er ekki mögulegt að gera reglur almennar eða færa rök fyrir réttmæti mismunandi skoðana vegna þess að mælikvarðann á réttmæti þeirra er ekki að finna í efnisheiminum og þeir hafna möguleikanum á yfirnáttúrulegum „handanheimi“. Því hlýtur grunni alls gildismats að vera hleypt í uppnám.

1.3. Sjónarhornshyggja - mótsvar Nietzsche

Friedrich Nietzsche og tómhyggjusinnar ganga út frá svo að segja sömu forsendum, sömu sýn á heiminn, en komast að gjörólíkri niðurstöðu; hann sætti sig ekki við fullyrðingar þess efnis að fyrst sannleikurinn hafi verið tekinn niður af stalli sínum hafi maðurinn verið sviptur öllum forsendum fyrir gildismati. Þeirri spurningu hvort hann hafi með því að taka undir gagnrýni tómhyggjusinna á mótsögnum boðandi siðferðis

4 Þá leyfum við okkur í bili að horfa framhjá þeirri staðreynd að þeim *hefur verið breytt*.

ætlað að afnema allt gildismat, alla skoðanamyndun, er því auðveldlega svarað neitandi. Svar Nietzsche er blátt áfram: Svona hefur þetta alltaf verið, hugmyndin um almáttugan guðdóm með algilt og heilsteypit siðakerfi á bakvið sig hefur aldrei verið raunsönn. Að hans mati er fall guðshugmyndarinnar ekki útgangspunktur tómhyggjunnar heldur kemur hún einungis skýrar í ljós þegar Guð hefur verið afhjúpaður sem innantómt hugtak. Hin kristna mynd af guðdóminum hefur því alltaf falið í sér sáðkorn níhílismans. Hvernig má þá vera að við höfum glatað einhverju? Það eina sem við segjum skilið við er blekking.

Því leggur hann til að við beinum sjónum okkar frekar að efnisheiminum, jarðlífinu og öllum þeim dásemdum og þjáningum sem við getum fundið fyrir. Það er okkar að kasta frá okkur hugsunum um æðri máttarvöld og boðandi siðferði og taka lífið í okkar eigin hendur. Í þessu felst einnig að taka öll völd yfir eigin gildismati. Í ljósi þess að algildi siðferðisins hefur verið afhjúpað sem blekking verðum við að skoða söguna með hliðsjón af því; að þannig hafi því ávallt verið farið og engu að síður hefur manneskjunnar tekist að fella dóma, mynda sér skoðanir og hafa tilfinningar. Eini munurinn felst í hvaða augum gildismat er litið, þ.e.a.s. hvort maðurinn er sér meðvitaður um hvar gildismat hans á sér uppsprettu; ekki í illa skilgreindum guðdómi heldur í honum sjálfum, manningum. Valið stendur því á milli þess að reyna að bjarga algildinu, sem mun alltaf þurfa að fela í sér tilvísun út fyrir efnisheiminn eins og við þekkjum hann, og að viðurkenna hið hlutlæga sjónarmið hvernar manneskju sem býr að baki gildisdómum hennar.

Þannig lýsir Nietzsche sjónarmiði sínu gagnvart gildismati á þann hátt að það sé engum æðri mælikvarða háð; það er með öðrum orðum bundið sjónarhorni hvers og eins. Þá vaknar kannski sú spurning hvort einhver munur sé á þessari sjónarhornshyggju Nietzsche og hreinni afstæðishyggju í siðferðismálum. Að mínu mati kemst sjónarhornshyggjan ekki hjá því að fela í sér ákveðið afstæði, en ekki í sama skilningi og tómhyggjusinnar virðast gefa sér. Í stað þess að álíta afstæðið jafngilda skorti á réttlætingu virðist Nietzsche líta svo á að hin gildismetandi náttúra mannsins réttlæti sig sjálfkrafa. Þannig eru ekki allar skoðanir jafnóréttmætar, heldur einungis jafnberskjaldaðar fyrir gagnrýni og umræðu. Á því er töluverður munur. Um þetta ríkir þó ekki sátt; tómhyggjusinnar standa fast á þeirri skoðun sinni að skortur á algildum mælikvarða jafngildi óréttmæti gildismats. Þetta er róttæk afstaða sem verðskuldar frekari rýni, og þá sérstaklega hvað varðar þær siðferðislegu afleiðingar sem hún getur haft í för með sér.

2. Siðferðisleg og tilvistarleg tómhyggja

2.1. Meinlætahugsjónin

Rökfastar árásir Nietzsche á kristið siðferði hafa átt mikinn þátt í endurskoðun á þeim grundvelli gjörvöllum sem bæði trúarbrögð og almennt siðferði byggja á. Í þriðja kafla bókar sinnar *Sifjafræði siðferðisins* fjallar Nietzsche ítarlega um skoðanir sínar á meinlætahugsjónum (e. *asketische Ideale*). Þar kemur fram gagnrýni sem ristir djúpt þegar tekið er tillit til þess að ein af grundvallarforsendum kristni (líkt og reyndar flestra trúarbragða) er ákveðin tegund meinlæta. Hann spyr hvaða tilgangi slíkar hugsjónir þjóni og hvar megi finna mögulega réttlætingu þeirra. Ennfremur leitar hann svara við því hvað þessi hugsunarháttur hefur haft í för með sér, hvaða áhrif hann hefur haft á viðhorf okkar og gildismat.

Þegar Nietzsche kannar ástæður fyrir vísun manna í guðlega forsjón og meinlætalífnað er rétt að geta þess að hann gengur alfarið út frá efnislegu sjónarhorni. Hann læst hvorki bera virðingu fyrir hvatakerfi boðandi siðferðis né æðri máttarvöldum og nær með því að skapa sér svigrúm til gagnrýni sem á sér fáa sína líka jafnbeitta í heimspekisögunni. Greining hans er *sifjafræðileg*, með öðrum orðum leitar hann fanga víðsvegar í sögulegri þróun en hefur ekki áhuga á að glíma við Guð á guðfræðilegum forsendum. Neitun á tilvist Guðs er því í raun ekki nema óbein afleiðing af niðurstöðum hugleiðinga hans. Gagnrýni hans beinist fyrst og fremst að *boðandi siðferðislegu valdi* hinna svokölluðu „æðri máttarvalda“.

Nietzsche kemur auga á nokkrar þær mikilvægustu forsendur sem þurfa að vera til staðar svo að hugarfarar meinlæta geti litið dagsins ljós, og er tvíhyggja anda og efnis þar efst á blaði. Þessi hugmynd, sem fylgt hefur mannum í óratíð, á rætur sínar að rekja til heimspeki Platons sem færði rök fyrir lífi sálarinnar eftir dauða efnisins og að þess vegna væri skynsamlegast fyrir manninn að einblína á ræktun andans frekar en líkamans. Platon skapaði ekki aðeins heim æðri „frummynda“ handan grófra birtingarmynda efnisheimsins, og styrkti þannig skilin milli efnis og anda, heldur var heimspekinga fyrstur til að gera æðra markmið úr sannleikanum og gekk jafnvel svo langt að samsama hann frummynd hins góða.⁵ Það er skoðun Nietzsche að tvíhyggjan hafi augljóslega hampað andanum á kostnað efnisins og það ranglega.

Þessi platonska hugmynd kemur afar sterkt fram í kristnum gildum þar sem

5 Sjá t.d. Platon, „Phaedo“, þýð. R.S. Bluck, í *The Dialogues of Plato*, New York, Bantam Books, 1986. Á bls. 72-74 færir Sókrates rök fyrir sjálfstæði sálarinnar frá líkamanum og því að sannir heimspekingar „þrái dauðann.“

boðskapurinn er sá að hinn dýrðlega handanheim, paradís, sé ekki hægt að nálgast fyrr en efnið hefur verið skilið frá sálinni, hinum eiginlega kjarna mannsins. Hún hefur haft þær afleiðingar í för með sér að jarðlífið hefur verið fordæmt ásamt öllum þess lystisemdum og þjáningum. Sterkar tilfinningar eru taldar bera vott um of sterk tengsl við efnisheiminn; það sé þvert á móti best að láta efnið hafa sem minnst áhrif á sig og einblína á lokauppgjörið. Af þessu leiðir meinlætahugsjónin hvernar kjörorð eru, samkvæmt Nietzsche: “Fátækt, auðmýkt, skírlífi...”⁶

Þessu er hann mótfallinn, svo vægt sé til orða tekið. Hann bendir á að meinlætahugsjón kristinnar ýti undir afneitan á lífinu og hatur á öllu sem það hefur upp á að bjóða, þjáningum sem vellíðan.⁷ Slíka fyrirlitningu á efnisheiminum væri mögulega hægt að fallast á ef trú á tilvist handanheimsins ætti við rök að styðjast, en Nietzsche er bersýnilega ekki á þeirri skoðun að meinlætahugsun eigi sér raunverulegar rætur í æðri veröld. Hann býst þess í stað til að greina það sem raunverulega liggur að baki henni og afhjúpa innri mótsagnir hennar, og kemst að þeirri niðurstöðu að frumástæða þess að meinlætahugsjónin kvikni sé leiði á lífinu og hræðsla við að lífið hafi ekkert æðra markmið:

„En í þeirri staðreynd sjálfri að meinlætahugsjónin hefur verið mannum svo kær liggur grundvallareinkenni vilja mannsins, hans *horror vacui*: hann þarfnast markmiðs - og fyrr beinir hann vilja sínum að neindinni en að vilja ekki neitt.“⁸

Í þessum orðum felst vísbending um sýn Nietzsche á manninn; hann er ekki viljalaust verkfæri í höndum náttúrunnar og því síður æðri máttarvalda heldur dýr með óseðjandi vilja svo lengi sem hann er á lífi. Hann þarfnast markmiðs og í stað þess að leggjast með tærnar upp í loft hefur hann búið til markmið úr *neindinni* (e. *Nichts*): Guð. Í þessu felst kaldhæðnisleg mótsögn því þessi afstaða er, að mati Nietzsche, einmitt andstæð meinlætaliðnaði vegna þess að hún leitast við að veita þessu lífi, jarðlífinu, tilgang og markmið. Hugmyndin um Guð þjónar því ekki handanheiminum heldur jarðlífinu sjálfu sem fylgjendum kristni er þó kennt að sé óæðra. Það er þetta *horror vacui*, hræðsla mannsins við tilgangsleysi, sem er kveikjan að hugmyndinni um æðra skipulag utan þessa heims, tilraun til þess að hrinda bölsýni og vonbrigðum og þeirri nagandi tilfinningu að allt sem við teljum mikilvægt, gott og fallett sé tilviljun háð.

6 Nietzsche, Friedrich, *The Genealogy of Morals*, bls. 77.

7 Það er þó ekki svo að skilja að Nietzsche tali gegn öllu því sem telja má til meinlæta, s.s. sjálfsgaga og hófsemi. Meinlætahugsjón kristinnar er hins vegar eitur í beinum hans vegna þess að henni er snúið gegn lífinu og felur því í sér rót niðilíðna.

8 Nietzsche, Friedrich, *The Genealogy of Morals*, bls. 67-68.

Kjarni málsins er þó sá að allt er þetta á sandi byggt, samkvæmt Nietzsche. Ekki er nóg með að forsendur kristni og meinlætasiðferðis séu fjandsamlegar lífinu („Lífi snúið gegn lífinu“),⁹ heldur eru þær að auki ein stór blekking, uppspuni sem þjónar hagsmunum ákveðinna aðila. Enginn maður ætti mögulega að geta tekið sér stöðu á sjónarhóli utan lífs síns og reynslu og kveðið upp hlutlausan dóm um það sem á að vera rétt og rangt. Heimspekingar eru þar engin undantekning, þar sem þeir taka meinlætahugsjónina upp á sína arma og gera úr heimspekinni hina æðstu og hlutlausustu rannsókn á heiminum:

„En verum nú héðan í frá, kæru heimspekilegu samverkamenn, í raun og veru betur á varðbergi gagnvart þessum goðsögum af hættulegum, fornum hugmyndum, sem hafa komið sér upp „hreinu, viljalausu, sársaukalaus, tímalaus viðfangsefni þekkingar“; verum á varðbergi gegn fálmurum jafnmótsagnakenndra hugmynda og „hreinni skynsemi“, „algjöru ríki andans“, „þekkingu-í-sjálfri-sér“: - þessar kenningar reiða sig á hugsanir einhvers auga sem ekki er hægt að ímynda sér, auga sem *ex hypothesi* hefur ekkert sjónarhorn...“¹⁰

Að mati Nietzsche er hugleiðing án hagsmuna einfaldlega „óhugsandi og merkingarlaus“.¹¹ Sá algildi mælikvarði sem kristið siðferði byggir á er hreinlega ekki til staðar og hefur aldrei verið það. Algildi er mannasetning. Þar með er það ekki einungis Guð sem er „dauður“, heldur einnig merking siðferðisins eins og við þekkjum það, því Nietzsche ræðst ekki bara að rótum kristinnar sem slíkrar heldur öllum staðhæfingum um algildi og hlutleysi.

Með sifjafraðilegri rannsókn sinni á sannleikanum kemst Nietzsche að þeirri niðurstöðu að náttúrulegu gildismati okkar hafi verið spillt. Valdabarátta hinna mismunandi hópa mannkyns hefur að miklu leyti farið fram á sviði tungumálsins, þar sem hver reynir að eigna sér „sannleikann“ sem er lítið annað en illa skilgreint og huglægt hugtak.¹² Sannleikurinn hefur fyrir verkan trúarbragða verið gerður almennur og gildismat ráðandi hóps gert boðandi; „rétt og rangt“ hefur verið gert að „góðu og illu“. Tvíhyggja líkama og sálar er eitt ljósasta dæmið um þetta að mati Nietzsche; skoðun sem hefur verið útfærð í kerfi kristins siðferðis og notuð til að bæla frelsi hvers og eins til að velja hvað honum finnst mikilvægt. Með meinlætahugsjónina að vopni hefur kristnin, og flest önnur trúarbrögð ef því er að skipta, fellt dóma í nafni þessa

9 Nietzsche, Friedrich, *The Genealogy of Morals*, bls. 86.

10 Nietzsche, Friedrich, *The Genealogy of Morals*, bls. 85-86.

11 Nietzsche, Friedrich, *The Genealogy of Morals*, bls. 85.

12 Sjá Nietzsche, Friedrich, „Um sannleika og lygi í ósiðrænum skilningi“ í *Skírni*, 167. ár, þýð. Magnús Díðrik Baldursson og Sigríður Þorgeirsdóttir, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, vor 1993.

kerfis, deilt út refsingum og innrætt samviskubit. Sjálfur neitar hann að gangast blekkingunni á hönd.

Á móti má benda á að þessi blekking hafi þjónað ákveðnu hlutverki, nefnilega því að vera mótvægi við níhílískar hugsanir og fyrirlitningu á lífinu. En ef svo á að vera bendir Nietzsche á að trúarbrögðum á borð við kristni hafi mistekist ætlunarverkið fullkomlega; hin innri mótsögn í trúarkerfi þeirra felur í sér rót bölsýnnar í formi meinlætahugsjónar. Í stað þess að vera eins konar lækning við bölsýni boðar kristnin tvíhyggju þar sem andinn trompar efnið í hvert sinn og gerir viðhorf fylgjenda sinna því afar neikvætt gagnvart jarðlífinu, sem hún ætti þó samkvæmt greiningu Nietzsche að gefa tilgang ásamt því að efla löngun og þrek fólks til að ganga æviveginn. Ef algildi kristins siðferðis er fylgt eftir af fullum þunga hefur það því fyrst og fremst neikvæð áhrif; að fólki sé innrætt stöðugt samviskubit yfir því einu að vera líkamlegar verur og að fólk fari á mis við það sem lífið hefur upp á að bjóða vegna fyrirlitningar sem er á misskilningi byggð.¹³

2.2. Siðferði í skugga dauða Guðs

Frá bæjardyrum Nietzsche er það því ekkert annað en blessun að losa okkur við boðandi siðferði trúarbragða, tvíhyggju líkama og sálar og allt sem henni fylgir. Þar skilur með honum og hinum gallharða tómhyggjusinna. Hin níhílíska sýn býður heim þeirri staðhæfingu að með afnámi algilds mælikvarða á gjörðir manna verði *allt leyfilegt*. Tómhyggjusinum finnst afnám algildis gera það að verkum að allt gildismat verði jafnóréttlætlegt; ef möguleikinn á algildum mælikvarða er gerður að engu færa þeir rök fyrir því að ómögulegt sé að byggja upp matskerfi sem nær út fyrir einstaklinginn vegna þess að óhugsandi sé að gera gildi matsins almennt, enda allt slíkt gert að smekksatriði. Þegar við gerum okkur grein fyrir að allar samfélagsreglur og hegðunarviðmið eru í raun og veru mannaþingir sjáum við hversu víðtæk áhrif þessi sýn tómhyggjunnar getur haft. Það er munur á að hafna öllu siðferðislegu gildismati yfirhöfuð og því að fylgja Nietzsche að ráðum og fylla þá gloppu sem myndast með sköpun eigin gildismats, hvaða mynd sem það tekur á sig. Að mati tómhyggjusinna er hins vegar ekkert fært um að fylla tómið. Því er þvert á móti leyft að taka öll völd með þeim afleiðingum að allar hliðar mannlífsins eru skilgreindar út frá því.

Það að allt sé gert leyfilegt getur að sjálfsgöðu haft hræðilegar afleiðingar í för

13 Þetta eru þó ekki dæmi sem mér er kunnugt um að Nietzsche taki sjálfur, heldur eiga þau upptök sín hjá höfundum. Það má þó skilja á skrifum Nietzsche að þetta megi telja lýsandi dæmi um þá afstöðu sem hann vill endurskoða.

með sér. Hægt er að færa sannfærandi rök fyrir því að nasisminn einsog hann kom fram í Þýskalandi á 4. áratug síðustu aldar hafi borið öll einkenni nínhílískrar höfnunar á siðferðislegu gildismati og þar með steipt grunn fyrir þá sannfæringu yfirvalda að þau hefðu enga ástæðu til að takmarka sig af réttindum annarra manna.¹⁴ Almenn mannréttindi, sem manngert fyrirbæri, hafa enga raun-verulega merkingu fyrir hinum gallharða tómhyggjusinna, né nokkur önnur lög ef því er að skipta. Þessi siðferðislega afstaða tómhyggjunnar þarf þó að sjálfsögðu ekki að hafa jafnvíðtækar og öfgafullar afleiðingar og í tilviki nasismans. Siðferðislegt gildismat er órjúfanlegur þáttur tilveru mannsins, eins og Nietzsche kemur glögglega auga á, og ekki síður mikilvægt lífi einstaklingsins sjálfs en samfélagi hans við aðra. Ef tómhyggjusinnar ætla að ganga gegn þeirri staðhæfingu hljóta þeir að hafa aðra mynd af mannum en Nietzsche.

2.3. Tilvistarleg tómhyggja.

Tilvistarlegri tómhyggju mætti á einfaldan hátt lýsa sem vonbrigðum yfir ástandi heimsins. Það er líkt og sjálf tilvera mannsins sé dregin í efa með rökfræðilegri afleiðslu út frá afneitun á algildum sannleika. Siðferðislegt gildismat missir mátt sinn en er þrátt fyrir það nauðsynlegt mannlegu lífi. Tómhyggjusinninn lendir því í tilvistarlegri togstreitu: Hvernig á hann að koma sér upp gildismati og gangast þar með við því að það sé bundið tilvist hans órjúfanlegum böndum, á sama tíma og skynsemin segir honum að það geti ekki þjónað neinum tilgangi?

Tilgangsleysi allra hluta er það sem fer hvað mest fyrir brjóstið á hinum gallharða tómhyggjusinna. Það er ekki nóg með það að gjörsamlega tilgangslaust sé að mynda sér skoðun þegar engin leið er að nálgast sannleikann, heldur er allur tilgangur tilveru mannsins dreginn í efa. Þegar blekkingin um annan heim og Guð sem yfirvald hefur verið afhjúpuð fer mikilvægi mannsins í hinu stóra samhengi einnig á flöt. Ef fyrirfinnst enginn æðri tilgangur í lögmálum efnisheimsins getur tilvera mannsins heldur ekki þjónað neinum æðri tilgangi. Hvað dýrin varðar er þetta ekki svo slæmt; þau þurfa ekki annað en að svala fýsnum sínum og spyrja sig aldrei spurningarinnar: „Til hvers?“ Þetta er erfiðara fyrir manninn sem hefur með rökhugsun sinni náð að átta sig á gangverki heimsins.

Tómhyggjusinnar fallast í stuttu máli sagt á sömu sýn á mannlega hugsun og

14 Sjá t.d. Arendt, Hannah, „Totalitarianism in Power“ í *The Origins of Totalitarianism*, New York, Schocken, 2004.

Nietzsche lýsir í upphafsorðum greinar sinnar, *Um sannleika og lygi í ósiðrænum skilningi*:

„Í einhverjum afskekktum kima í óendanlegu flæði sólkerfa alheimsins var eitt sinn stjarna, þar sem skynsöm dýr fundu upp þekkinguna. Það var dramblátasta og lygnasta mínúta „heimssögunnar“: og samt ekki nema ein mínúta. Að fáeinum andartökum náttúrunnar liðnum kólnaði stjarnan og þessi skynsömu dýr urðu að deyja. - Slíka dæmisögu hefði einhver getað samið og hefði þó ekki lýst því nógu vel hversu aumkunarverður, hversu daufur og hverfull, hversu tilgangslaus og tilviljunarkenndur mannshugurinn er andspænis náttúrunni.“¹⁵

Munurinn er sá að Nietzsche telur það alls ekki slæmt að við gerum okkur grein fyrir því hversu smávægilegur mannshugurinn er heldur sé það skref til frekara frelsis að hætta að upphefja hann langt út fyrir það sem maðurinn getur mögulega krafist af sjálfum sér. Tómhyggjusinnar líta þetta öðrum augum; við sitjum uppi með allar langanir og skoðanir hugans á sama tíma og við gerum okkur grein fyrir því að þær skipta engu máli. Maðurinn hefur verið sviptur mikilvægi sínu sem skynsemisvera, en hefur sömuleiðis enga möguleika á að lifa lífi sínu í fáfræði dýrsins. Mannskepnan er lítið annað en leiksoppur í höndum grimrar náttúru og ekkert sem hún gerir hefur vægi í kosmísku samhengi. Þetta veldur togstreitu sem getur ýtt undir hið íþyngjandi sálarástand tómhyggjusinnans.

Þetta er það sem mætti kalla hina sálfræðilegu hlið tómhyggjunnar og á að mínu mati að taka mjög alvarlega. Sú bölsýni og sá drungi sem eru oftast en ekki tengd níhílistum eru ekki upp sprottin af fyrirfram ákveðinni neikvæðni gagnvart heiminum, heldur eru þau nátengd þeirri heimspeki sem liggur að baki. Það er í raun afar rökrétt að tómhyggjusinnanum finnist líf sitt einskis vert í ljósi þess að hann hafnar siðferðislegu gildismati, þar sem tilvera okkar byggist að afar miklu leyti á því að taka afstöðu til umhverfis okkar. Enn höfum við þó ekki lagt heilsteypt mat á það hvort afstaða hans standist nánari skoðun.

Eins og fyrr segir er erfitt að gera úr tómhyggjunni almenna hugmyndafræði og það gerir það aftur erfiðara að gagnrýna hana út frá raunverulegum dæmum. Til að hafa eitthvað áþreifanlegt viðmið til gagnrýni finnst mér því tilvalið að leita aðstoðar bókmenntaheimsins í síðasta kafla þessarar ritgerðar, nánar tiltekið með skoðun á einu verka Fjodors Dostojevskí, *Djöflunum*, sem kom upphaflega út á árunum 1871-72. Ég

15 Nietzsche, Friedrich, „Um sannleika og lygi í ósiðrænum skilningi“, bls. 15.

treysti því að innsæi skáldsins geti stutt við lýsingu sjálfs mín á hinum gallharða tómhyggjusinna sem komið hefur fram hér að ofan og jafnvel blásið í hana frekara fjöri. Af sömu ástæðum ætla ég mér að leita fanga hjá gríska skáldinu Nikos Kazantzakis í hans frægasta verki, *Grikkjanum Zorba*, til þess að renna stoðum undir gagnrýna afstöðu Nietzsche sem vildi leita allra leiða til að komast hjá bölsýni tómhyggjunnar.

3. Viðbrögð við hugmyndum tómhyggjunnar

3.1. Kýrillov

Stefnur og straumar stjórn mála og heimspeki voru Dostojevskí ætíð hugleikin og var níhílistinn þar ekki undanskilinn. Í *Djöflunum*, sem er magnað uppgjör við breytta tíma í Rússlandi á 19. öld, fáum við að kynnst fulltrúum anarkista, níhílista og annarra róttæklinga, ásamt stétt heldra fólks sem finnur hvernig hún missir valdataumana smám saman úr höndum sér. Meginþema bókarinnar er að leiða í ljós hvaða hættur geta myndast þegar siðferðið verður gildislaust og allt verður leyfilegt, og nær það hámarki í blóðsúthellingum hóps manna sem kenna sig við stjórn- og trúleysi. Sjálfur var Dostojevskí trúaður og vildi benda á veikleika þeirra kenninga sem héldu því fram að ekkert væri vísindunum ómögulegt og trúarbrögð væru kerlingabækur sem best væri að losa sig við sem fyrst.¹⁶ Dostojevskí og Nietzsche eru því báðir að bregðast við tómhyggjunni á sinn hátt. Rithöfundurinn einblíndi á það hvaða afleiðingar slík hugsun getur haft á pólitík og samhygð manna í millum, en heimspekingurinn réðst að þeim yfiringilega deyfandi og hamlandi áhrifum sem hún getur haft á sálarlíf mannkyns:

„...hið sýkta ástand mannsins til þessa dags, að minnsta kosti þess manns sem hefur verið taminn, hin líffræðilega barátta mannsins við dauðann (eða réttara sagt, við viðbjóðinn á lífinu, við örmögnunina, við óskina eftir „endalokunum“).“¹⁷

Mitt í pólitískum átökum andstæðra fylkinga stendur persóna Kýrillovs nokkurs. Þrátt fyrir að nokkrum persónum bókarinnar megi lýsa sem tómhyggjusinum að því leyti að þær eru trúlausar á siðferði og æðri máttarvöld (en þó aðallega eftir því sem þjónar hagsmunum þeirra hverju sinni), sker Kýrillov sig úr fyrir það sem kalla mætti samkvæmni og fylgirækni við heimspekilegar grunnhugmyndir tómhyggjunnar. Persóna hans þjónar að mínu mati því hlutverki að búa til heimspekilegan bakgrunn fyrir voveiflegt söguvið bókarinnar; hann einn sýnir áhuga á að færa rök fyrir trúleysi sínu og þeim hugmyndum sem, að hans mati, hljóta að leiða af því.¹⁸ Samkvæmt Kýrillov hefur maðurinn alltaf verið haldinn þeirri blekkingu að hinn náttúrulegi heimur hverfist í kringum vilja Guðs. Hann sjálfur hafi hins vegar gert sér grein fyrir því að enginn

16 Briggs, A.D.P, Introduction to *Devils*, Hertfordshire, Wordsworth Editions, 2010, bls. x-xiii.

17 Nietzsche, Friedrich, *The Genealogy of Morals*, bls. 86.

18 Í Kýrillov finnst mér því fara fram eiginlegt uppgjör Dostojevskís við sjálfa heimspeki tómhyggjunnar, á meðan aðrar hliðar bókarinnar einblína á pragmatísk vandamál hennar.

guðdómur geti mögulega verið til og þar með dregið þá ályktun að allur sá vilji sem við höfum ætlað Guði flytjist yfir til mannsins; í þeim skilningi sé maðurinn Guð.

Þetta leiðir út í hugleiðingar um líf og dauða; þegar Kýrillov er kynntur til sögunnar er því fyrst haldið fram að hann sé að skrifa lærða grein um tölu sjálfsvíga í Evrópu, en sannleikurinn reynist sá að þessi einræni sérvitringur er að rita niður getgátur sínar um hvers vegna tala sjálfsvíga sé ekki mun hærri en raun beri vitni. Niðurstaðan af hugleiðingum hans er að menn hafi ekki enn gert sér grein fyrir frelsi sínu frá guðdóminum, að þeir sjálfir séu í raun gæddir öllum þeim mætti yfir tilveru sinni sem þeir hafa ætlað Guði og hápunktur þessa máttar sé vald yfir eigin lífi og dauða. Þetta er í raun ekki svo galin niðurstaða og fátt nýstárlegt við hana. Það sem er áhugavert er hvernig Kýrillov tengir trúleysi sitt við þær hugmyndir sem við höfum þegar skoðað; að í guðlausum heimi hafi maðurinn ekkert æðra markmið, engan alsannan mælikvarða á athafnir sínar, og þar af leiðandi skipti engu máli hvað hann tekur sér fyrir hendur. Þar eð Kýrillov gerir sér grein fyrir því að vilji mannsins beinist ekki að neinu öðru en tómi, dregur hann þá ályktun að við höfum þá heldur *enga ástæðu* til að hafa skoðanir og gildismat. Þessa afstöðu undirstrikar Dostojevskí með því að láta Kýrillov taka fram í sífellu að „...það skiptir engu máli“¹⁹, þegar talið berst að því hvernig hann eyði dögnum, eins og til að láta ekki í veðri vaka að hann dirfist að meta nokkurn hlut herra eða lægra en annan, hafandi hafnað forsendum algilds mælikvarða og þar með, að eigin mati, alls gildismats.

Ennfremur er hann þeirrar skoðunar að ekki sé neinn heimur handan efnisheimsins, jafnvel Kristur sjálfur hafi að moldu orðið þrátt fyrir brennheita trú hans á annað:

„En ef svo er, ef náttúruleg málin þyrndu Honum ekki einu sinni, ef þau spöruðu ekki kraftaverkin sín og neyddu hann til að lifa í lygi og deyja fyrir lygina, þá hlýtur öll plánetan að vera lygi, byggð á lygi og heimskulegri stríðni. Þá hljóta lögmál plánetunnar að vera lygi og djöflarevía. Fyrir hvað á maður þá að lifa, svaraðu því, ef þú ert maður!“²⁰

Af þessu öllu dregur hann þá rökréttu ályktun að það skipti manninn engu hvort hann lifir eða deyr. Til að vera samkvæmur sjálfum sér og trúleysi sínu á Guð, sem Kýrillov segir vera þá einu hugmynd sem hann hafi í hávegum, kemst hann að þeirri niðurstöðu að honum sjálfum beri að binda endi á líf sitt, en ekki af neinni ákveðinni ástæðu þó;

19 Dostojevskí, Fjodor, *Djöflarnir*, þýð. Ingibjörg Haraldsdóttir, Reykjavík, Mál og menning, 2000, bls. 106.

20 Dostojevskí, Fjodor, *Djöflarnir*, bls. 604.

ástæður eru fyrir níhílistanum jafngildi þess að viðurkenna að eitthvað skipti máli. Þvert á móti ætlar hann að drepa sig til þess að sanna fyrir heiminum að algjört ástæðuleysi ríki í náttúrunni, mannum sé frjálst að drepa sig og sú ákvörðun skipti, rétt eins og allar aðrar ákvarðanir mannsins, nákvæmlega engu máli. Er þetta ekki kjarni hinnar bölsýnu tómhyggju?

Kýrillov gerir sér grein fyrir því hversu fjandsamleg lífinu afstaða hans er, en lítur svo á að hún sé ekki nema rökrétt afleiðing þeirrar togstreitu sem skapast við dauða þess sem Guð hefur staðið fyrir:

„Guð er nauðsynlegur, og þess vegna verður hann að vera. [...] En ég veit að Hann er ekki til og getur ekki verið. [...] Skilurðu virkilega ekki að maður með þessar tvær hugmyndir getur ekki haldið áfram að lifa?“²¹

Þannig leynist að mínu mati rót bölsýnnar og tilgangsleysisins óumflýjanlega í algjörri höfnun á gildismati og hlýtur að endingu að beinast á neikvæðan hátt gegn sjálfri tilvist mannsins, sé hugmyndin tekin alla leið. Við vitum þó að Nietzsche komst að annarri niðurstöðu út frá þessum sömu forsendum, en hvernig? Til að hægt sé að varpa ljósi á andsvör Nietzsche gæti verið tilvalið að bera saman hvað líkt er og ólíkt með afstöðu sögupersónu Dostojevskís og Nietzsche sjálfs.

Á stundum hljómar Kýrillov eins og endurómur af heimspeki Nietzsche og þá sérstaklega þegar kemur að mögnuðum prédikunum þess síðarnefnda um hinn nýja, frjálsa mann sem á að líta dagsins ljós eftir dauða Guðs, siðferðis og andlegra meinlætahugsjóna.²² Hugmyndir Kýrillovs um að maðurinn verði að Guði þar sem allur vilji liggi hjá honum sjálfum hljómar reyndar eins og eilítið vanþróuð forskrift að þessu fræga „ofurmenni“ Nietzsche. Ennfremur kallar Kýrillov siðferði og trúarbrögð ítreakð blekkingu sem hafi verið haldið á lofti svo maðurinn hafi gerviástæðu til að halda sér á lífi. Þetta rímar að öllu leyti við þær grundvallarhugmyndir sem þegar hafa komið fram og Nietzsche tekur undir. Munurinn á þeim tveimur, hins vegar, og ástæða þess að Kýrillov kemst með aðferðum heimspekilegrar rökhugsunar að þeirri niðurstöðu að lífið sé einskis virði á meðan Nietzsche leyfir sér að halda því fram að lífið sé dýrmætt, felst að mínu mati aðallega í þremur atriðum. Í fyrsta lagi felst það í viðhorfi þeirra til hugtaksins „gildismat“, í öðru lagi í sýn þeirra á manninn og að endingu í ómeðvitaðri

21 Dostojevskí, Fjodor, *Djöflarnir*, bls. 602.

22 Þetta kemur hvað skýrast fram í *Svo mælti Zarathústra* (e. *Also Sprach Zarathustra*), sem Nietzsche ritaði á árunum 1883-85, tólf árum eftir að *Djöflarnir* komu út. Nietzsche, Friedrich, „Thus Spake Zarathustra“ í *The Philosophy of Nietzsche*, þýð. Thomas Common, New York, Random House, 1927.

tryggð Kýrillov við meinlætahugsjónina sem Nietzsche vildi skilja við. Við skulum nú líta á hvert atriði fyrir sig og leggja síðan mat á hvort svör Nietzsche eru fullnægjandi.

Fyrst af öllu er rétt að athuga þrætueplið sjálft, gildismat. Það sem er rót tómhyggjunnar eins og hún birtist í persónu Kýrillovs er það viðhorf að með höfnun algilds mælikvarða á borð við guðdómlegt reglukerfi sé fótunum svipt undan *öllu gildismati*. Tómhyggjan leggur með öðrum orðum boðandi siðferði og siðferðislegt gildismat að jöfnu, í þeim skilningi að réttmæti gildismats okkar felist í möguleikanum á að gera það almennt; ef engin ástæða liggur að baki siðferði okkar er það smættað niður í hverfult smekksatriði og því ófært að telja það boðandi. Svar Nietzsche við þessari ályktun er að þarna sé á ferðinni ranghvelving á hinu rétta ástandi. Í trúarbrögðum á borð við kristni hefur boðandi siðferði með algildan mælikvarða sér til grundvallar ávallt verið tengt náttúrulegu gildismati mannsins órjúfanlegum böndum, en þessi tenging hefur í raun aldrei átt rétt á sér. Réttu og röngu hefur verið ljáð algildi sem gerir það að góðu og illu. Þessu myndi tómhyggjusinni eins og Kýrillov væntanlega ekki neita, en myndi benda á að þessi blekking hafi veitt mannum nauðsynlegan ramma; án hans verði allt leyfilegt og þar af leiðandi tilgangslaust. Heimurinn hefur reynst öðruvísi og stjórnlausari en Kýrillov hefði kosið og af því skapast togstreita sem er ein af uppsprettum bölsýnnar tómhyggju.

Nietzsche lítur þetta öðrum augum; að hans mati er ramminn óþarfur og leggur alls konar íþyngjandi takmarkanir á líf mannsins. Trú á algilt siðferði hefur burtséð frá skammvinnu hlutverki sínu enga raunverulega burði til þess að frelsa menn frá níhílískum hugsunum, eins og við höfum þegar séð, heldur felur hún í sér niðurlægingu á raunheiminum og hlýtur því þvert á móti að leiða til tómhyggju ef henni er fylgt út í ystu æsar. Maðurinn hefur því engan valkost annan en að gangast við heiminum eins og hann er og vinna út frá því.

Þetta leiðir okkur enn fremur að næsta atriði, en ljóst er að Nietzsche og tómhyggjusinnar líta á manninn frá tveimur afar ólíkum sjónarhornum. Kýrillov setur það svo fram að með gildisfalli siðferðis og vegna hlutleysis náttúrunnar hljóti maðurinn sjálfur að missa mikilvægi sitt og tilgang. Það sé því ástæðulaust að mynda sér nokkra einustu skoðun. Maðurinn þarf nauðsynlega æðri tilgang til að hafa ástæðu til að lifa, en þar sem slíkan tilgang er hvergi að finna hlýtur maðurinn að vera til óþurftar. Aftur er Nietzsche á öndverðum meiði: Maðurinn hefur aldrei verið í hlutverki þiggjanda í þeim skilningi að hann þurfi að taka við markmiði sínu að utan heldur skapar hann það sífellt innan frá. Þarna kemur í ljós djúpstæður munur á heimspeki hans og heimspeki tómhyggjunnar. Tómhyggjusinnar eru ennþá fastir í þeirri hugsun að

maðurinn hafi verið *sviptur einhverju* þegar hulunni var svipt af blekkingu siðferðisins og skilgreina tilveru sína enn út frá þessum „vonbrigðum“, ef svo má segja. Þetta eru mistök, segir Nietzsche, því maðurinn sem túlkandi skynsemisvera er öldungis ófær um að slökkva á gildismati sínu og ætti ekki að reyna það; það er í raun frumnáttúra mannsins að skapa, en ekki að láta mata sig.

Hann þekkir samt sem áður kaldhæðnislegar mótbárur þeirra tómhyggjusinna sem álíta skynsemi mannsins vera það versta böll sem nokkurt dýr hefur fengið í vöggugjöf; rökhugsun sem gerir okkur kleift að komast að þeirri rökréttu ályktun að tilvera okkar sé tilgangslaus. Það er önnur tegund togstreitu sem tómhyggjan elur á, að ekki sé hægt að sætta *manninn sem skynsemisveru* við *manninn sem dýr*, og afskaplega mikilvægur þáttur í röksemdafærslu tómhyggjusinna. Nietzsche er meðvitaður um þetta vandamál og í raun er hægt að segja að einn af meginútgangspunktum skrifta hans sé að reyna að sætta þetta tvennt. Að hans mati eru tómhyggjusinnar, enn í viðjum kristinnar arfleifðar, að gangast við tvíhyggjunni í þeim skilningi að þeir álíta ennþá hina andlegu, rökföstu hlið mannsins æðri hinni dýrslegu. Ef við lítum nánar á upphafsmálgrein *Um sannleika og lygi í ósiðrænum skilningi* er dagljóst að það sem vakir fyrir Nietzsche er að ráðast á þessa ofmetnu hugmynd um mannlega hugsun.

„Mannshugurinn hefur nefnilega ekkert æðra hlutverk sem nær út fyrir jarðneska tilvist hans. Hann er mannlegur og enginn nema eigandi hans og skapari tekur hann svo hátíðlega, líkt og heimurinn snerist um hann sjálfan.[...] Það sætir furðu að mannshugurinn skuli vera þessa megnugur, þar sem hann er ekki annað en hjálpartæki sem þessari óhamingjusömu, viðkvæmu og forgengilegu veru áskotnaðist til að mega komast af mínútulangt.“²³

Þessa ófrægingarræðu gætu tómhyggjusinnar auðveldlega fallist á og álitid hana styðja skoðanir sínar þess efnis að allt sé tilgangs- og merkingarlaust. Hins vegar væri það rangtúlkun á því sem heimspekingurinn er í raun og veru að reyna að miðla, því hann er ekki að ráðast á ofmat mannsins á skynseminni í þeim tilgangi að niðurlægja manninn, heldur til þess að gefa líkamleika mannsins sem og efnisheiminum sanngjarna málsmeðferð og sýna fram á að það sé hugurinn sem þjóni líkamanum en ekki öfugt. Til þess að túlka þetta sem niðrandi greinargerð fyrir manninum í heild sinni þarf túlkandi einmitt að vera fastur í tvíhyggju- og meinlæta-hugsuninni sem Nietzsche hefur sagt skilið við. Hann þarf ennþá að vera trúr þeirri hugsun að líkaminn og efnið séu óæðri andanum, en eins og kemur glögglega fram í tali Kýrillov er vandinn sá að ef maðurinn

23 Nietzsche, Friedrich, „Um sannleika og lygi í ósiðrænum skilningi“, bls. 15.

gerir sér grein fyrir að ekkert æðra sé til, né hafi nokkurn tíma verið til, en heldur enn í þá hugmynd að efnisheimurinn sé minna virði en hinn ímyndaði andlegi heimur, finnur hann sig óhjákvæmilega í þeirri stöðu að vera bæði trúr einhverju sem er ekki raunverulegt og að vita að sú trú á ekki rétt á sér.

Þar með höfum við þegar komið inn á þriðja atriðið sem talið var upp. Það er þessi innri mótsögn tómhyggjunnar sem ég vísa til þegar ég held því fram að tómhyggjusinninn hafi ekki sagt skilið við meinelætahugsjónina. Það er enn fremur ástæðan fyrir því að Kýrillov álítur lífið vera einskis virði, á meðan Nietzsche, sem í skrifum sínum reynir að gera algjörlega út af við meinelætahugsjónina, leyfir sér að lofsyngja lífið og tilveruna. Í þessum þremur atriðum virðist Nietzsche segja skilið við hina tilvistarlegu tómhyggju og þar með sneiða hjá bölsýnum málalokum. Er björninn þá unninn? Höfum við sigrast á tómhyggjunni? Við höfum bent á ákveðna veikleika í röksemdafærslu tómhyggjunnar sem og innri mótsagnir. Samt sem áður stendur eftir sú spurning hvort Nietzsche takist að bjarga réttmæti gildismatsins með því að renna stoðum undir það án tilvísunar til algilds mælikvarða. Takist honum það ekki er ekkert sem kemur í veg fyrir að við lendum aftur í sömu togstreitu og tilgangsleysi og einkennir tómhyggjuna.

3.2. Endurskoðun gilda

Fyrst ber að líta til þess að Nietzsche getur ekki farið hefðbundnar leiðir siðfræðingsins og gerir í raun lítið úr tilraunum fyrirrennara sinna: „...þeir vildu ljá siðferðinu *grundvöll* - og hver einasti heimspekingur til þessa dags hefur trúað því að hann hafi ljáð því grundvöll; siðferðið sjálft hefur hins vegar verið álitið „sjálfgefið“.“²⁴ Hann er með öðrum orðum ekki að reyna að endurvekja boðandi siðferði og gefa því traustan grunn, þá brú hefur hann brennt að baki sér. Enn fremur mætir hann annarri hindrun sem er einnig innifalin í eðli þess gildismats sem hann lýsir. J.P. Stern gefur góða mynd af þessu vandamáli í bók sinni um Nietzsche og heimspeki hans: „Ekki aðeins er það svo að þetta nýja siðferði má ekki vera óhlutbundið, heldur má það enn fremur ekki vera gert almennt, þar eð hið almenna, spillir allra auðkenna og yfirburða, er óvinur þess.“²⁵ Nietzsche hefur ekki aðeins rúið gildismat mannsins boðandi hlutverki sínu heldur boðar hann harða einstaklingsstefnu þegar kemur að gildismati. Við eigum hvert og eitt

24 Nietzsche, Friedrich, „Beyond Good and Evil“, þýð. Helen Zimmern, í *The Philosophy of Nietzsche*, New York, Random House, 1927, bls. 474.

25 Stern, J.P., *Nietzsche*, Glasgow, Fontana, 1979, bls. 62. Allar þýðingar úr bókinni sem birtast hér eru mínar.

okkar að skoða þau gildi sem hingað til hafa verið álitin sjálfgefin og velja sjálf hverjum þeirra við kjósum að halda. Að mati Nietzsche þjónar þetta þeim tilgangi að gera sterkum einstaklingum auðveldara um vik að skera sig úr, þar eð þeim sé ekki haldið niðri af boðandi gildismati annarra, sem miðar að útþynntu og stöðluðu samfélagi manna. Hið nýja gildismat má því ekki gera almennt.

Maðurinn á sem sagt að endurskoða öll fyrri gildi og mynda sér sín eigin út frá því sem honum sem einstaklingi og manneskju finnst mikilvægt. Þannig er ekkert sem mælir á móti því að við finnum til hitt og þetta sem er þess virði að halda í, til dæmis úr safni hinna „kristilegu gilda“, og Nietzsche gerði sér grein fyrir því. Viðhorf okkar gagnvart nytsemi og merkingu þeirra gilda hlýtur hins vegar að fá á sig annan búning þar sem ekki er hægt að gera úr þeim boðandi kerfi reglna heldur verður hver og einn að fá að dæma fyrir sig. Þetta álitur Nietzsche mun betra ástand en það sem áður ríkti og að vissu leyti sannara þar sem það færir ábyrgðina á ákvörðunum í lífi mannsins yfir á hann sjálfan. Mælikvarðinn þarf með öðrum orðum ekki að vera ytri mælikvarði eins og því er farið með kristið siðferði, heldur er maðurinn fyllilega fær um að þjóna hlutverki mælikvarða - reyndar hefur hann alltaf gert það. Í sýn Nietzsche felst nefnilega einnig fullyrðing um sjónarhorn mannsins; vegna gildismetandi náttúru hans er hann ekki fær um að horfa á neitt út frá hlutlausu sjónarhorni. Allt sem frá manningnum kemur er óhjákvæmilega smitað af hans eigin gildismati og er því leyfilegt viðfangsefni rökræðna. Að því leyttinu til gefur Nietzsche því miklu meira svigrúm til gagnrýni og umræðu en hið lokaða reglukerfi boðandi siðferðis. Í rauninni hljóta skoðanir fólks að verða einsleitari þeim mun algildari sem mælikvarðinn þeim til grundvallar er, og gagnrýni og rökræður væru því tilgangslaugar.

Trú Nietzsche á manneskjuna er augljóslega mjög sterk. Hann flytur hinn ímyndaða ytri mælikvarða yfir á manninn og telur okkur trú um að hann geti sannarlega verið sjálfstæður grunnur hins nýja siðferðis. Það sem þó mætti halda fram að vantaði í þessa heimssýn Nietzsche er *tilgangur*. Þrátt fyrir þennan upplífandi lestur á heimspeki hans gætu tómhyggjusinnar enn borið fyrir sig tilgangsleysi mannsins í alheiminum og að við endurskoðun gilda hefðum við enga ástæðu til að sveiflast á einn veg eða annan. Við stæðum að endingu uppi með gildi sem eru markmiðslaus í hinu stóra samhengi og líf sem við höfum engan rökfræðilegan grunn til að telja mikilvægt. Það virðist því nauðsynlegt að fallast á að gagnvart þessari hlið tómhyggjunnar; hinni endalausú leit að rökréttum grunni tilgangs og markmiðs, virðist Nietzsche berskjaldaður. Þrátt fyrir alla mögulega kosti hinnar jákvæðu afstöðu hans gagnvart lífinu og manningnum getur hann

eðli málsins samkvæmt, hafandi hafnað algildi í siðferðis- og trúmálum, aldrei gefið sjónarhornshyggju sinni rökfræðilegan grundvöll eins og tómhyggjusinnar myndu krefjast. Hann hefur fært rök fyrir því að allt gildismat eigi sér upptök innan mannsins, en honum mistekst að gefa okkur ástæðu til að halda að þessi sítúlkandi náttúra eigi einhvern rétt á sér, sem er þó einn af þeim togstreituvöldum sem kvelja tómhyggjusinna á borð við Kýrillov.

En þar gæti okkur skjátlást. Nietzsche var enginn venjulegur hugsuður og það væri vitleysa að halda fram ósigri hans gagnvart tómhyggjunni, án þess að leyfa okkur að kafa dýpra, setja okkur í hans spor og rífa þar með niður þá ramma sem hann sjálfur talaði gegn. Ég er þeirrar skoðunar að of grunnt sé farið með viðlíka túlkun á hvatningu Nietzsche til endurskoðunar allra gilda og lesa má hér að ofan, þ.e.a.s. að það séu einungis *gildin sjálf* í skilningnum *rétt og rangt* sem þurfi að endurskoða. Það er nauðsynlegt að ganga lengra og endurskoða fleira, og taka við slíka endurskoðun tillit til þess hvert viðhorf Nietzsche var gagnvart „hjálpartæki mannsins,“ rök hugsun hans og skynsemi. Það er með öðrum orðum nauðsynlegt að „*vera trúr jörðinni*“;²⁶ ekki aðeins í þeim skilningi að jarðlífinu séu gerð sanngjörn skil heldur einnig með því að viðurkenna takmörk mannlegrar hugsunar og þar með rökfræðilegrar afleiðslu, ástæðna og tilgangs. Það er í því ljósi sem við þurfum að endurskoða gildi og hugtök; ekki með endalausri tryggð við mannlega rök hugsun sem æðstavalld.

3.3. Zorba

Við lestur á ritum Nietzsche slær það mann fyrst af öllu hversu óhræddur hann er við að leggja dóm á allt sem hönd á festir. Kaldhæðnar og sumpart brjálæðislegar árásir hans á kristindóminn, boðandi siðferði og svo gott sem hvern einasta hugsuð, heimspeking og listamann sem var í brennidepli á hans tímum, eru bæði frelsandi og ögrandi. Til að ná þeim áhrifum fram að fullu sem hann vill hafa á lesandann fléttar hann gjarnan saman fagurfræðilegan og heimspekilegan stíl og er eitt augljósasta dæmið um þetta *Svo mælti Zarabústra*, sem er öll í formi frásagnar og notast mikið við myndlíkingar og tákn.²⁷ Þessi aðferð orkar tvímælis; hún hefur af sumum verið álitin „óheimspekileg“ og í trássi við trausta rökfræðilega aðferð. Aðrir hafa komið auga á þá möguleika sem felast í að sannfæra lesandann „jafnt með athugasemdum og útvíkkuðum myndlíkingum sem og

²⁶ Nietzsche, Friedrich, „Thus Spake Zarathustra“, bls. 6.

²⁷ Sjá Nietzsche, Friedrich, „Thus Spake Zarathustra“.

[...] með röksemdafærslum“²⁸ til að mynda Sören Kierkegaard og Jean-Paul Sartre, svo dæmi séu tekin. Báðir þessir höfundar, ásamt Nietzsche sjálfum, hafa gert sér grein fyrir því að hinn nakti rökfræðilegi heimspekitekti hrekkur ekki ætíð til þegar heimspekilegum vandamálum eru gerð skil. Í augum Nietzsche var þessi aðferð nauðsynleg til að endurspegla vídd þeirra hugmynda sem hann vildi miðla, enda var hann á þeirri skoðun að manneskjan sé ófær um að dæma út frá hlutlausu sjónarhorni og rök hugsun hennar sé takmörkuð frá náttúrunnar hendi.

Mér finnst það þess vegna ekki máli okkar til minnkunar að leita svara í öðrum kimum bókmenntaheimsins, líkt og við höfum þegar gert með því að stilla upp sögupersónu Dostojevskí sem erkitýpu tómhyggjunnar. Á sama hátt langar mig að styðja við mál mitt varðandi ákveðinn lestur á Nietzsche með fagurfræðilegu innsæi gríska skáldsins Nikos Kazantzakis, eins og það birtist í bók hans *Grikkjanum Zorba*. Kazantzakis gengur að mínu mati mjög langt í að lýsa þeirri grófu viðhorfsbreytingu sem Nietzsche fer fram á, eigum við að skilja heimspeki hans til fulls. Önnur aðalpersóna sögunnar er Alexis Zorba, sem mætti kalla algjöra andstöðu Kýrillov hvað varðar viðhorf til lífsins og efnisheimsins. Persóna hans getur því hlotið þann heiður að þjóna hugmyndum Nietzsche á sama hátt og Kýrillov þjónaði hugmyndum tómhyggjunnar.²⁹

Kazantzakis stillir Zorba upp gegnt hinni aðalpersónunni og sögumanni bókarinnar sem er mikið til byggður á höfundinum sjálfum.³⁰ Við fáum strax að heyra að hann á í innri baráttu; samtímis því sem hann vill vera trúr þeirri meinlætahugsun sem hann hefur gefið sig á vald í gegnum nám sitt í búddískum fræðum gerir hann sér grein fyrir því að sama hugsun vinnur gegn því að honum takist að njóta lífsins til fullnustu. Zorba er aftur á móti fulltrúi allt að því hedónísks viðhorfs gagnvart lífinu; hann er trúleysingi á Guð og fyrirfram ákveðnar siðferðisreglur og sér þess vegna enga utanaðkomandi ástæðu til að neita sér um það sem efnisheimurinn hefur upp á að bjóða, hvort sem það er kynlíf, matur, dans eða drykkja. Sagan hverfist um það hvernig augu hins rökfasta sögumanns ljúkast hægt og rólega upp fyrir kostum hinnar zorbísku leiðar til að lifa lífinu og hefur á stundum yfirbragð sjálfshjálparbókar, en þegar er kafað í söguþráðinn, samræður og hina ýmsu atburði sem eiga sér stað kemur að mínu mati í ljós að Kazantzakis er ekki aðeins að prédika „jákvæðara viðhorf til lífsins“ heldur að gera tilraun til að miðla hugsunarhætti sem er gjörólíkur þeim sem við eigum að venjast,

28 J.P. Stern, *Nietzsche*, bls. 40.

29 Hvað varðar tengsl Nietzsche og Kazantzakis er staðreynd að heimspeki þess fyrrnefnda hafði mikil áhrif á skáldið. Meðal skrifna Kazantzakis er m.a. ritgerð um heimspeki Nietzsche: *Nietzsche and the Philosophy of Right and the State*, þýð. O. Makridis, New York, State University of NY Press, 2007.

30 Reyndar er öll sagan byggð á reynslu Kazantzakis, þar á meðal persóna Zorba.

og stígur í raun og veru skrefið út fyrir það ofmat rökhugsunar og þá tvíhyggju kristinnar hugsunar sem er svo inngróin í vestræna hugsun að hver einasta manneskja er hætt að taka eftir áhrifum hennar.

Það er skoðun mín að slíkt skref sé róttækara en tómhyggjusinnar fá skilið. Það felst í endurskoðun á því hvaða augum við lítum margs konar hugtök og mannlega hugsun yfirhöfuð og viðurkenningu á því að það sé einungis með þeim formerkjum sem hægt er að hefja það „*endurmat allra gilda*“ sem Nietzsche talar um.³¹ Til að vinna bug á tómhyggjunni er nauðsynlegt að taka þetta skref. Svo við færumst ekki of mikið í fang legg ég til að við takmörkum sjónsvið okkar örlítið og einbeitum okkur að nokkrum grundvallarhugtökum sem ég vil meina að þurfi að endurskoða og koma sterkt fram í *Grikkjanum Zorba*. Þessi hugtök eru *tilgangur*; *siðferðislegt gildismat* og *maðurinn sem dýr annars vegar og maðurinn sem skynsemisvera hins vegar*. Með þessari takmörkuðu yfirferð vonast ég til að við getum að minnsta kosti ýjað að leið út úr tómhyggjunni sem tekst að veita svör við grundvallarspurningum hennar, en sem þarf samt sem áður ekki að styðja sig við algildan mælikvarða.

3.4. Endurskoðun hugarfars

Útgangspunktur slíkrar endurskoðunar hlýtur að vera vantraust á að mannleg rökhugsun geti veitt svör við öllum þeim spurningum sem hún leggur sjálf fyrir sig. Raunverulegt afnám tvíhyggju líkama og sálar þýðir nákvæmlega þetta; skynsemi mannsins er tekin niður af því plani sem hún hefur ranglega verið sett á. Um leið er viðurkennt að margt það sem mannleg hugsun hefur látið okkur í té á því tímabili sem hún hefur verið álitin æðri líkamanum komi ekki heim og saman við raunveruleikann, þar á meðal hugtök, skilgreiningar og hugsunarháttur. Þegar sögumaður *Grikkjans Zorba* reynir án árangurs að afla svara við því hvers vegna Zorba hagar sér á einn eða annan hátt bregst sá síðarnefndi ókvæða við: „Hvers vegna! Hvers vegna! [...] Getur maður ekki gert neitt án ástæðu? Bara sísvona, vegna þess að mann langar til þess?“³² Þetta er athugasemd sem er seint hægt að kalla röksemdafærslu, en á samt fullkomlega rétt á sér. Langanir og dyntóttur vilji mannsins eiga sér ekki upptök í rökhugsun, heldur standa utan hennar. Það er því gagnslaust að reyna að finna ástæður að baki þeim sem manneskjur eru færar um að skilja. Með mikilli einföldun er hægt að segja sem svo að líkami og rökhugsun tali tvö tungumál sem er ómögulegt að þýða hvort yfir á annað. Zorba setur fram

31 Sjá t.d. Nietzsche, Friedrich, *The Genealogy of Morals*, bls. 116.

32 Kazantzakis, Nikos, *Zorba the Greek*, þýð. Carl Wildman, London, Faber and Faber, 2000, bls. 11.
Allar þýðingar úr bókinni sem koma fram hér eru mínar.

allsérstaka skilgreiningu á rökhugsun mannsins sem kemur skemmtilega heim og saman við þessa hugmynd:

„Ó, þú situr bara þarna og spyrð spurninga! [...] Þú þekkir söguna af eiginkonu bakarans, er það ekki? Þú býst þó ekki við að læra stafsetningu af afturendanum á henni, er það? Afturendinn á eiginkonu bakarans, það er mannleg skynsemi.“³³

Eitt af því sem einkennir tómhyggjusinna og sést glögglega í persónu Kýrillovs er það hugarfarar að lífið ætti að hafa tilgang, ásamt þeirri fullvissu að enginn slíkur tilgangur sé til staðar. Lífið er því talið tilgangslaust. Þetta er rökrétt afstaða út frá þeirri forsendu að manneskjan þurfi yfirleitt svör við öllu í umhverfi hennar og ástæður þeim að baki. Nietzsche minnst ekki oft á tilgang og tilgangsleysi berum orðum í verkum sínum og ég held að fyrir því sé góð ástæða, nefnilega sú að hann hefur ekki trú á að þetta hugtak hafi nokkra merkingu í samhenginu „tilgangur lífsins“, heldur sé einungis til marks um hversu stórt maðurinn vill líta á sig. Hann gæti bent á að með slíku orðalagi værum við enn að skilgreina lífið út frá blekkingunni um æðri merkingu; það er ekki hægt að tala um tilgang sem sjálfstætt fyrirbæri sem hægt er að stimpla líf sitt með. Hugtakið er ekki þess eðlis að hægt sé að skilgreina það almennt, heldur er það huglægt einkenni sem við gefum hlutum fyrir tilstilli tungumálsins. Svarið við spurningunni hvort lífið hafi tilgang ætti því hvorki að vera „já“ eða „nei“, heldur þriðji möguleikinn: „Á ekki við.“

Þegar litið er til Zorba er ljóst að honum finnst málum óviðkomandi að pæla í æðri tilgangi eða ástæðum kennda sinna. Ég er sannfærður um að Nietzsche hafi verið sama sinnis; mikilvægi þess að taka sér eitthvað fyrir hendur, hafa skoðanir og einstaklingsbundið gildismat felst ekki í að uppfylla þar með einhvern æðri tilgang. Zorba vinnur eins og hestur fyrst og fremst vegna þess að hann nýtur þess, ekki aðeins til að ná einhverju marki. Hann og sögumaðurinn leggja alla sína krafta og peninga í að byggja einhvers konar timburkláf sem á að gera þeim kleift að leggjast í skógarhögg og timbursölu. Allt fer hins vegar á versta veg og kláfurinn liðast í sundur og veldur stórskemmdum. Í stað þess að örvænta og leggja árar í bát gera Zorba og hinn gjaldþrota sögumaður sér ljóst að það er verkið sem skiptir máli, ekki útkoman, og enda daginn í kæruleysi, drykkju og dansi, hamingjusamir sem aldrei fyrr. Hinn rökfasti tómhyggjusinni á eflaust erfitt með að kyngja svo órökréttri hegðun, en í tilgangslaustum heimi er rökfesta einfaldlega lítils virði.

33 Kazantzakis, Nikos, *Zorba the Greek*, bls. 12. Zorba er fulltrúi vægast sagt karllægra hugmynda um hinn frjálsa mann, en það ætti ekki að hafa of mikil áhrif á lestur okkar; mannleiki hans felst einmitt í breyskni hans ásamt öllum hans fordómum.

Það leiðir okkur að næsta atriði: Siðferðislegu gildismati. Hafandi afgreitt hugtakið „tilgangur“ í jafnvíðum skilningi og tómhyggjusinnar vilja ætla því er engin ástæða til að fara nánar í spurningar um það hver *tilgangur* gildismats sé. Hann er einfaldlega enginn í kosmísku samhengi. Það kemur þó ekki í veg fyrir að vægi þess geti verið mjög mikið í samskiptum fólks og lífi þess. Hvorki Nietzsche né Zorba veigra sér við að leggja sí og æ dóma á umhverfi sitt, en báðir eru þeir þó algjörir trúleysingar á hverja þá hugmynd sem leitast við að ljá gildismati algildan mælikvarða.

„Ég trúi ekki á neitt eða neinn; aðeins á Zorba. Ekki vegna þess að Zorba sé betri en aðrir; alls ekki, ekki agnarögn! Hann er þrjótur eins og hinir! En ég trúi á Zorba vegna þess að hann er eina veran sem ég hef vald yfir, sú eina sem ég þekki. Allir aðrir eru draugar. [...] Þegar ég dey mun allt deyjja. Allur hinn zorbíski heimur mun sökkva til botns!“³⁴

Mótbárur tómhyggjusinna gegn tilraunum Nietzsche og Kazantzakis til að verja tilhneigingar mannglegrar náttúru til siðferðislegs gildismats eru á þá leið sem við höfum þegar kynnst: Um leið og maður sviptir siðferði algildum mælikvarða sviptir maður fólk möguleikanum á samiburði skoðana og allt verður leyfilegt. Gildismat einstaklingssjónarhornansins sem Nietzsche boðar er því hreinlega of afstætt til að geta fallið undir hugtakið „siðferðislegt gildismat“, eins og við höfum skilið það hingað til. Þess vegna verðum við að skilgreina það upp á nýtt samkvæmt hinu nýja hugarfari okkar. Hvaða breytingar hefur það í för með sér?

Kazantzakis bregður upp áhugaverðri mynd af einstaklingsmiðuðu gildismati á borð við það sem endurspeglast í orðum Zorba hér að ofan. Í bókinni gengur Zorba oftar en einu sinni fram af lesandanum í hömluleysi sínu í siðferðismálum; hann ráðleggur óánægðum munki til að mynda að kveikja í klaustrinu sínu, vilar það ekki fyrir sér að leggja hendur á mann og annan, ásamt hörmulegum frásögnum hans um athafnir hans í stríðinu milli Grikkja og Tyrkja á ofanverðri 19. öld. Einstaklingsbundið og sjálfstætt gildismat hans hefur óhjákvæmilega í för með sér aukin átök, enda einmitt ekki mögulegt að vísa í algildan mælikvarða himnanna og því nauðsynlegt að verja eigið gildismat með kjafti og klóm, en samtímis ljúka upp augunum fyrir því hversu mikill „þrjótur“ maður getur verið.

Nietzsche virðist hafa gert sér grein fyrir þessari afleiðingu einstaklingsbundins gildismats og leggur mikið upp úr því að reyna að sannfæra lesendur sína um nauðsyn

34 Kazantzakis, Nikos, *Zorba the Greek*, bls. 60.

átaka í mannlegu samfélagi, að þjáningar og hættur séu órjúfanlegur partur af lífinu.³⁵ Þrátt fyrir það virðast bæði Kazantzakis og Nietzsche einnig taka að sér að *verja* einstaklingsbundið siðferði gegn boðandi siðferði með því að reyna að sýna fram á að seinni tegundin ali á hefnigirni, hatri og blóðhefnd, en sú fyrri gefi í raun og veru mun færri ástæður til slíks. Flest þau voðaverk sem framin eru í *Grikkjanum Zorba* skáka í skjóli algilds réttmætis og blekkinga sem Zorba sjálfur hefur hafnað þegar við fáum að kynnast honum, blekkinga á borð við þjóðarstolt, ættarheiður og vilja Guðs.³⁶ Nietzsche sjálfur þreyttist ekki á að benda á hatrið og öfundina sem honum fannst einkenna kristna hugsun og það hvernig siðferði hennar er viðhaldið með ótta við refsingu. Gæti verið að málum sé í raun svo farið að einstaklingsbundið siðferði, laust við siðaboð og yfirnáttúrulegar reglur, ýti frekar undir virðingu manna á milli, gagnrýna hugsun og svipti fólk sýndarástæðum sem virka sem eldsneyti á hefndarþorsta þeirra?

Ég hef þegar minnst á gegnumgangandi viðleitni Nietzsche til að setta manninn sem hugsandi skynsemisveru og manninn sem dýr með náttúrulegan vilja til að seðja langanir sínar. Þetta er sennilega sá punktur sem kemur hvað skýrast fram í bók Kazantzakis. Æ ofan í æ kemur Zorba lesandanum fyrst og fremst fyrir sjónir sem dýr sem er meðvitað um takmarkanir rökhugsunar sinnar og lætur hana ekki standa í vegi fyrir að hann seðji náttúrulega lyst sína til kvenfólks, skemmtunar, matar og vinnu. Zorba ber enga virðingu fyrir meinlætamönnum, enda eru þeir fyrir bæði honum og Nietzsche að þjóna lofti. Meinlætamenn, tómhyggjumenn, prestar og heimspekingar eru allir fastir í sömu hjólförunum sem gerir þeim ókleift að sjá heiminn út frá sjónarhorni dýrsins. Lausn Zorba á óseðjandi og truflandi löngunum felst ekki í því að „temja andann“ til að hafna þeim fyrir fullt og allt, heldur kalla vandamál efnisheimsins á efnislegar lausnir:

„...[V]eistu hvað ég geri? Ég treð mig smekkkfullan af því og þannig losna ég við það og hætti að hugsa um það. Eða ef ég hugsa um það, kúgast ég. [...] Ástríður hafa engin völd yfir mér. Því er eins farið með fósturjörðina. Ég hugsaði of mikið um hana, ældi henni upp, og síðan þá hefur hún aldrei truflað mig.“³⁷

Til að taka skrefið úr viðjum tilgangsleysisins verðum við að laga hugtakabanka okkar að nýju hugarfari sem segir algjörlega skilið við ofríki andans gagnvart efninu og sættir

35 Sjá t.d. Nietzsche, Friedrich, „Thus Spake Zarathustra“, bls. 14: „...þér hafið gert hættuspil að köllun yðar; engin leið er að fyrirlíta slíkt.“ Þýðing mín.

36 Ég er sannfærður um að fylgjum við hugmyndum Nietzsche út í ystu æsar hljóti það að fela í sér afneitun á fleiri mannasetningum en Guði og boðandi siðferði, til að mynda landamærum og þjóðerni. Kazantzakis virðist einnig hafa verið á þeirri skoðun. Nánari rannsókn á því væri þó efni í aðra ritgerð.

37 Kazantzakis, Nikos, *Zorba the Greek*, bls. 211-212.

sig við takmarkaðar ástæður dýrslegra þarfa mannsins. Endurskoðun á þeim örfáu atriðum sem við höfum rétt tæpt á er ekki tæmandi listi yfir allt sem þarf að skilgreina upp á nýtt svo hægt sé að brjóta tómhyggjuna á bak aftur, heldur einungis til þess fallin að gefa vísbendingar um það hugarfar sem ég tel nauðsynlegt við slíka endurskoðun. Að endingu þýðir það að maðurinn verður að einhverju leyti að snúa baki við þeim alvarleika sem á til að einkenna hið vestræna viðhorf til æviskeiðs mannsins og hætta að þenja mikilvægi sitt gagnvart umheiminum upp úr öllu valdi. Takist okkur það er möguleiki að við finnum raunverulega fyrir frelsinu sem Nietzsche boðaði og Kazantzakis lýsti.

Lokaorð

Hér í þessari ritgerð hef ég reynt að draga saman þau helstu atriði sem tómhyggjan byggir á og flokka þau gróflega niður á hið þekkingarfræðilega, hið siðferðislega og hið tilvistarlega svið. Útgangspunktur hennar er ætíð að algildan sannleika sé hvergi að finna. Það er rökrétt út frá þeirri forsendu að líta svo á að grunnur siðferðis eins og það kemur fyrir innan trúarbragða á borð við kristnina sé brostinn. Þar með verður allt leyfilegt og hefur í raun alltaf verið vegna þess að ekki er hægt að réttlæta neinar reglur með vísun í algildan mælikvarða. Ennfremur er maðurinn sviptur ástæðu til að mynda sér skoðanir þar sem engin leið er til að skera úr um réttmæti þeirra. Þannig leiðir tómhyggja í þekkingarfræðilegum skilningi til tómhyggju í siðferðismálum og að endingu til tilvistarlegrar tómhyggju og bölsýns viðhorfs til lífsins. Þetta viðhorf sáum við endurspeglast í persónu Dostojevskí, Kýrillov, sem hafði dregið þær ályktanir að í heimi tómhyggjunnar bæri honum að drepa sig þar eð enginn tilgangur er með lífinu og engin ástæða til að halda áfram að lifa því.

Friedrich Nietzsche er sammála því að algjör sannleikur sé hugarfóstur mannskepnunnar, til kominn vegna endalausrar viðleitni hennar til að glæða líf sitt tilgangi. Hann áleit það samt sem áður rangt að vegna falls sannleikans sem algilds mælikvarða sé maðurinn sviptur ástæðu til að leggja dóm á umhverfi sitt. Heimspeki hans var því að miklu leyti tilraun til að verja gildismetandi náttúru mannsins og komast hjá svartsýnni afstöðu hins gallharða tómhyggjusinna þrátt fyrir að þeir sættist á sömu þekkingarfræðilegu forsendur. Með öðrum orðum vill Nietzsche sýna fram á að lífið missi ekki gildi sitt í heimi tómhyggjunnar, heldur standi mannskepnan frammi fyrir upphafi stórkostlegs frelsis þar sem hver og einn er frjálst til að velja hvað honum finnst mikilvægt.

Þetta hlýtur líka að vera upphaf mikilla breytinga á hugarfari. Með endurskoðun gilda er okkur frjálst að velja og hafna, en hvað á að ráða för ef engin leið er að gera valið almennt? Nietzsche virðist vera að segja okkur að það sé nauðsynlegt að endurskoða hvaða augum við lítum hið siðferðislega gildismat sjálft, ekki aðeins að hverju það beinist. Við verðum að setta hið dýrslega eðli mannsins við skynsemishlið hans og segja skilið við tvíhyggjuna sem skilur þar á milli. Þessari afstöðu fengum við að kynnst í persónu Alexis Zorba í skáldsögu Kazantzakis. Zorba reynir ekki að yfirfæra sitt einstaklingsbundna gildismat yfir á mannkynið heldur sættir sig við takmörk hugsunar sinnar. Þess vegna leitar hann ekki svara sem hann veit að ómögulegt er að finna og tekur lífið mátulega alvarlega. En Zorba stendur ekki fyrir uppskrift af

hamingjuríku lífi; það er til að mynda engin ástæða til að taka upp sömu viðhorf og skoðanir og hann, hver og einn verður að taka afstöðu til þess hvað honum finnst mikilvægt og taka afleiðingunum af gildismati sínu hvort sem þær eru jákvæðar eða neikvæðar.

Þetta vekur samt sem áður upp áhugaverðar spurningar þess efnis á hvaða hátt sýn okkar á samfélagið, siðferðislegar klemmur og rökræður myndi breytast tækjum við hugarfar Zorba okkur til fyrirmyndar. Er þetta hugarfar til að mynda svo einstaklingsbundið að menn gætu ekki miðlað siðferðislegri reynslu sín á milli? Hvernig færu rökræður til dæmis fram um hvað væri fýsilegt að gera í siðferðislegri klemmu ef gildismat er háð einstaklingssjónarhorni? Þetta eru einkar athyglisverðar spurningar og of viðamiklar til að fara náíð út í þær hér. Nietzsche og Zorba reyna hvorki að gefa okkur kerfisbundin svör við þeim né láta sem þær hverfi þegar viðurkennt er að gildismat sé einstaklingsbundið. Þeir treysta því að maðurinn geti ráðið fram úr vandamálum sínum án tilvísunar í algildar reglusetningar enda hefur hann engan annan valkost.

Að endingu þurfum við engan Guð til að réttlæta tilvist okkar heldur erum við sjálfstæðar verur sem eru í stakk búnar til að gera líf sitt þess virði að lifa því. Afnáam algildis er ekki óhjákvæmileg uppskrift að fyrirlitningu á heimi sem reyndist öðruvísi en við héldum, heldur gefur okkur tækifæri til að draga úr hinum fyrirferðarmikla alvarleika sem háir vestrænu samfélagi. Með því getum við tileinkað okkur afstöðu Zorba, litið heiminn ögn kæruleysislegum augum og gert okkur grein fyrir breyskni okkar en jafnframt tekið á móti öllum þeim dásemdum sem lífið hefur upp á að bjóða, án samviskubits og ótta.

Heimildaskrá

Arendt, Hannah, „Totalitarianism in Power“ í *The Origins of Totalitarianism*, New York, Schocken, 2004.

Biblían. Heilög ritning, Reykjavík, Hið íslenska biblíufélag, 1981.

Dostojevskí, Fjodor, *Djöflarnir*, þýð. Ingibjörg Haraldsdóttir, Reykjavík, Mál og menning, 2000.

Dostoevsky, Fyodor, *Devils*, Hertfordshire, Wordsworth Editions, 2010.

Kazantzakis, Nikos, *Nietzsche and the Philosophy of Right and the State*, þýð. O. Makridis, New York, State University of NY Press, 2007.

Kazantzakis, Nikos, *Zorba the Greek*, þýð. Carl Wildman, London, Faber and Faber, 2000.

Nietzsche, Friedrich, „Beyond Good and Evil“ í *The Philosophy of Nietzsche*, þýð. Helen Zimmern, New York, Random House, 1927.

Nietzsche, Friedrich, „Thus Spake Zarathustra“ í *The Philosophy of Nietzsche*, þýð. Thomas Common, New York, Random House, 1927.

Nietzsche, Friedrich, *The Genealogy of Morals*, þýð. Horace B. Samuel, New York, Dover Publications, 2003.

Nietzsche, Friedrich, „Um sannleika og lygi í ósiðrænum skilningi“ í *Skírni*, 167. ár, þýð. Magnús Diðrik Baldursson og Sigríður Þorgeirsdóttir, Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, vor 1993.

Platon, „Phaedo“, í *The Dialogues of Plato*, þýð. R.S. Bluck, New York, Bantam Books, 1986.

Stern, J.P., *Nietzsche*, Glasgow, Fontana, 1979.